


GILDANDI AÐALSKIPULAG




BREYTT AÐALSKIPULAG

## GREINARGERÐ

Um er að ræða óverulega breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022, sem tók gildi þann 8. júlí 2011. Gerðar hafa verið þó nokkrar breytingar á aðalskipulaginu en engin þeirra er á svæðinu sem um ræðir hér.

### BREYTINGIN

Um er að ræða eldri námu, fastnr. 17242, við Haffjarðardalsgil, en hún er ekki skilgreind í aðalskipulagi. Náman telst frágengin skv. námuvefsjá Vegagerðarinnar, en opna þarf hana að nýju vegna vegavinnu við Heydalsveg frá Snæfellsnesvegi að sunnanverðu og að Snæfellsnesvegi að norðanverðu. Núverandi námusvæði er um 1 ha. Gert er ráð fyrir að taka 4.000 m³ af efni á sama svæði. Fyrirhuguð efnistaka er í samráði við landeigendur.

Breyting er gerð á aðalskipulagsuppdrætti og í greinargerð.
Náma við Haffjarðardalsgil er nú skilgreind í aðalskipulagi sem efnistökusvæði E99.
Hringtákni er bætt inn á skipulagsuppdrátt. Í greinargerð bætist eftirfarandi við töflu *Skilgreind svæði* í kafla 4.15 Efnistökusvæði:

*SKILGREIND SVÆÐI*

| STAÐSETNING | TILVÍSUN Í SVEITARFÉLAGSUPPDRÁTT |
|---|---|
| Haffjarðardalsgil | E99 |

Önnur ákvæði aðalskipulagsins breytast ekki.

### ÁHRIF

Áhrif breytingarinnar eru takmörkuð, þar sem um er að ræða eldra efnistökusvæði sem ber einkenni af fyrra raski. Svæðið er gróðursnautt og þar er ekki að finna menningarminjar eða náttúruminjar sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.
Umfang efnistökunnar er lítið, hún hefur áhrif á fáa og á mjög takmörkuðu svæði.

## SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi hefur fengið málsmeðferð skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn Borgarbyggðar þann 8. maí 2024

[signature] SVEITARSTJÓRN BORGARBYGGÐ

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann 06.08.2024

Guðrún Lára Sveinsd. [stamp: SKIPULAGSSTOFNUN]

## LANDNOTKUN - SKÝRINGAR

- Gott ræktanlegt land
- Landbúnaður
- Sjór
- Óbyggt svæði
- Þéttbýli
- Sorpförgun
- Vötn og vatnsföll
- Hverfisvernd - flóar
- Hverfisvernd - fossar og flúðir
- Hverfisvernd - nútímahraun
- Hverfisvernd - birkiskógar og kjarr
- Hugsanlegt flóðasvæði (0 - 5 m.y.s)
- Fólkvangur
- Sveitarfélagsmörk
- 300 m hæðarlína
- Stofnvegur
- Tengivegur
- Landsvegur
- Vegur - breytingartillögur
- Helstu héraðsvegir
- Reið- og gönguleiðir
- Gönguleiðir
- Flugbraut
- FS Frístundabyggð
- ÍS Íbúðasvæði
- OS Opið svæði til sérstakra nota
- IS Iðnaðarsvæði
- AS Athafnasvæði
- ES Efnistökusvæði
- VBS Vatnsvernd - brunnsvæði
- VGS Vatnsvernd - grannsvæði
- VFS Vatnsvernd - fjarsvæði
- NFS Friðlýst náttúruverndarsvæði
- NS Önnur náttúruverndarsvæði
- HS Hverfisvernd - önnur svæði
- SS Verslun og þjónusta
- VS Önnur vatnsverndarsvæði
- ÞS Þjónustustofnun
- LS Þjóðminjavernd
- V Vatnsveita
- H Hitaveita
- R Rafveita
- S Fjarskipti - Sími
- L Fjarskipti - Ljósleiðari
- E Endurvarpsstöð
- Staðsetning breytingar

**BORGARBYGGÐ**

ÓVERULEG BREYTING Á AÐALSKIPULAGI BORGARBYGGÐAR 2010-2022

Náma, fastnr. 17242, við Haffjarðardalsgil

Skipulagsuppdráttur og greinargerð

| MKV. 1:100.000/A3 | DAGS. 26. apríl 2024 | VERKFANG: 20081-002 |
|---|---|---|
| UNNIÐ AF: ÞRS | RÝNT: EBK | SAMÞ: ÚRP |

VERKÍS

Mælikvarði 1:100.000 — 0 1000 2000 3000 4000 5000 10.000m — N

V:\20\20081\teikn\+U\20081-001-ASK óvbr-Heydalur.dgn